

**Úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla
Haustið 2001**

Helstu niðurstöður

*Menntamálaráðuneytið
Janúar 2002*

Efnisyfirlit

FORMÁLI	3
GRUNNSKÓLAÚTTEKTIR HAUSTIÐ 2001	4
STAÐA SJÁLFSMATS Í SKÓLUNUM.....	4
SJÁLFSMATSADFERÐIR SKÓLANNA	5
SAMANTEKT	6
VIÐAUKI	7
VIÐMIÐ	7
MATSTÆKIÐ.....	8
SKÓLAR Í ÚTTEKT HAUSTIÐ 2001	9
ÚTTEKTARADILAR	10

Formáli

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1995 eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans. Í lögnum eru einnig ákvæði um að á 5 ára fresti skuli að frumkvæði menntamálaráðuneytisins gerð úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Menntamálaráðuneytið gaf vorið 1997 út bæklinginn *Sjálfsmat skóla* og er þar fjallað um tilgang og markmið sjálfsmats, sett fram viðmið fyrir sjálfsmat skóla, birtur gátlisti og gefið dæmi um ramma fyrir sjálfsmatsskýrslu. Þau viðmið sem liggja til grundvallar við úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla eru að sjálfsmatið sé: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert. Viðmiðin eru einnig birt í *Almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla* auk þess sem þau voru kynnt skólum í bréfi sem var sent öllum grunnskólum í júní 2000.

Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla komu til framkvæmda haustið 2001. Í undirbúningi að framkvæmd úttektanna voru í tilraunaskyni gerðar úttektir á sjálfsmatsaðferðum tveggja grunnskóla á vorönn 2001. Gert er ráð fyrir að vinnan við úttektirnar taki tvö og hálf ár. Hófst framkvæmdin með að sjálfsmatsaðferðir 27 skóla voru teknar út haustið 2001. Á vorönn 2002 verða teknir út 40 skólar, á haustönn 2002 40 skólar, á vorönn 2003 43 skólar og á haustönn 2003 43 skólar.

Í þessari skýrslu sem, sem send er viðkomandi skólum og sveitarstjórnnum, er gert grein fyrir helstu niðurstöðum úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla haustið 2002. Skýrsluna er einnig að finna undir Mat og úttektir á heimasíðu menntamálaráðuneytisins **www.menntamalaraduneyti.is**

Grunnskólaúttektir haustið 2001

Vegna lögbundinna úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla voru í maí 2001 27 grunnskólar, á höfuðborgarsvæðinu og Eyjafjarðarsvæðinu, valdir af handahófi. Í lok maí var viðkomandi sveitarstjórnnum tilkynnt um úttektirnar og í september var sveitarstjórnnum og viðkomandi grunnskólum tilkynnt um tímasetningu úttektanna og úttektaraðila (sjá viðauka).

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla byggir m.a. á gögnum frá viðkomandi skóla, heimsóknunum í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og kennara.

Í úttektunum er kannað hver staða sjálfsmats er, sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmatsins. Þau viðmið sem liggja til grundvallar við mat á sjálfsmatsaðferðum eru að sjálfsmatið sé: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert (sjá viðauka).

Úttektaraðilar kynntu skólastjóra viðkomandi skóla niðurstöður sínar.

Staða sjálfsmats í skólunum

Í sex grunnskólum af þeim 27 sem voru teknir út liggur fyrir skrifleg opinber verkáætlun um sjálfsmat eða í um 22% skólanna.

Kerfisbundið sjálfsmat hefur farið fram í fimm skólum eða í um 19% skólanna. Staða sjálfsmats í skólunum í úttektinni er eftirfarandi:

Staða sjálfsmats	Fjöldi skóla
Kerfisbundið sjálfsmat á helstu þáttum	1
Kerfisbundið sjálfsmat á tilteknum þáttum	4
Einstakar tilraunir við sjálfsmat	14
Undirbúningur kerfisbundins sjálfsmats hafinn	7
Ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat	0
Annað*	1

*Kennarar hafa metið eigin frammistöðu sem þátt í undirbúningi fyrir árleg starfsviðtöl

Af þeim 19 skólum sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat eða gert einstakar tilraunir við sjálfsmat höfðu 11 grunnskólar gefið út sjálfsmatsskýrslu. Skýrslurnar ná ýmist til allra helstu þátta skólastarfsins eða til afmarkaðra þátta þess. Sjálfsmatsskýrsla er í vinnslu í tveimur skólum og sex skólar hafa ekki gefið út sjálfsmatsskýrslu.

Sjálfsmatsaðferðir skólanna

Af þeim fimm skólum sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat þá byggðu sjálfsmatsaðferðir þriggja skóla á samsettu og aðlöguðu kerfi. Sjálfsmatsaðferðir tveggja skóla byggðu á tilbúnu kerfi, sem voru Skólarýnir og Glerverk.

Í þeim 14 skólum sem höfðu gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins þá var stuðst við samsett og aðlöguð kerfi í níu skólum. Sjálfsmatsaðferðir fimm skóla byggðu á tilbúnu kerfi. Þar voru kerfin Aukin gæði náms (AGN) notuð í þremur skólum og Altæk gæðastjórnun/þjónustustaðlar ISO 9002 í einum skóla. Í einu tilfelli var ekki búið að ákveða hvaða kerfi yrði notað.

Í þeim fimm skólum sem höfðu unnið kerfisbundið sjálfsmat voru niðurstöður eftirfarandi varðandi hvort sjálfsmatskerfi skólanna uppfylli þau viðmið sem menntamálaráðuneytið hefur sett um sjálfsmatsaðferðir (sjá viðauka).

Sjálfsmatskerfið telst:	Já	Nei
Formlegt	2	3
Altækt	3	2
Áreiðanlegt	5*	0
Samstarfsmiðað	4	1
Umbótamiðað	5	0
Árangursmiðað	1	4
Stofnanamiðað	3	2
Einstaklingsmiðað	4	1
Lýsandi	2	3
Greinandi	4	1
Opinbert	1	4

* Já eða já að hluta

Samantekt

Helstu niðurstöður úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla haustið 2001 eru að fimm grunnskólar hafa framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat. Af þeim hefur kerfisbundið sjálfsmat á öllum helstu þáttum skólstarfsins farið fram í einum skóla. Einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólstarfsins hafa verið gerðar í 14 grunnskólum og í sjö grunnskólum er undirbúningur kerfisbundins sjálfsmats hafinn.

Þegar lagt var mat á þær sjálfsmatsaðferðir sem skólarnir nota telst einn skóli, 4%, uppfylla skilyrði ráðuneytisins um fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir, en fjórir skólar, 15%, eru með fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir að hluta. Þeir 22 skólar, 81%, sem höfðu einungis gert einstakar tilraunir við sjálfsmat eða hafið undirbúning kerfisbundins sjálfsmats fá niðurstöðuna ófullnægjandi sjálfsmatsaðferðir vegna þess að þeir höfðu ekki framkvæmt sjálfsmat á kerfisbundinn hátt.

Framkvæmd sjálfsmats taldist fullnægjandi í einum skóla af þeim fimm sem höfðu framkvæmt kerfisbundið sjálfsmat að mati úttektaraðila. Einn skóli uppfyllir þar með skilyrði ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats. Framkvæmdin taldist fullnægjandi að hluta hjá þremur skólum og einn skóli var með ófullnægjandi framkvæmd.

Viðauki

Viðmið

Viðmið ráðuneytisins sem liggja til grundvallar við úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla eru að sjálfsmatið sé:

1. Formlegt

Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagða aðferð. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.

2. Altækt

Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

3. Áreiðanlegt

Mikilvægt er að sjálfsmatið byggji á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á tölulegum gögnum, en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

4. Samstarfsmiðað

Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

5. Umbótamiðað

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

6. Árangursmiðað

Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

7. Stofnana- og einstaklingsmiðað

Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum og mat á stjórnun og kennslu.

8. Lýsandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt hnitmiðuð lýsing (texti, myndir, töflur) á starfsemi skólans. Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

9. Greinandi

Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrk- og veikleikagreiningu, sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.

10. Opinbert

Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Matstækið

Útbúnir voru spurningalistar sem úttektaraðilar skrá niðurstöður sínar í. Spurningalistarnir eru þrenns konar og fer val á spurningalista eftir stöðu sjálfsmats í hverjum skóla fyrir sig. Meginlistinn samanstendur af 42. spurningum sem úttektaraðilar fylla út í ef skólinn hefur unnið að kerfisbundnu sjálfsmati. Listinn skiptist í fimm meginhluta:

I. Staða sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hver staða sjálfsmatsvinnu í skólanum er.

II. Sjálfsmatsaðferðir– markmiðið er að afla upplýsinga um það kerfi sem skólinn notar. Viðmiðin eru: formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert og eru settar fram spurningar varðandi hvert þeirra.

III. Framkvæmd sjálfsmats – markmiðið er að fá fram upplýsingar um hvernig til hefur tekist með framkvæmd sjálfsmatsins.

IV. Heildarniðurstaða – markmiðið er að fá fram heildarniðurstöðu úttektaraðila um annars vegar sjálfsmatsaðferðirnar og hins vegar um framkvæmdina. Til að svara þessum hluta byggja úttektaraðilar annars vegar á hluta II og hins vegar á hluta III.

V. Greinargerð – markmiðið er að fá fram stutta samantekt (hámark 1 bls. A4) á niðurstöðum ásamt athugasemdum og öðrum upplýsingum frá úttektaraðila.

Ef skólinn hefur gert einstakar tilraunir við sjálfsmat um afmarkaða þætti skólastarfsins fylla úttektaraðilar út spurningalista sem samanstendur af sjö spurningum. Styttri listi er fylltur út ef ekkert hefur verið unnið við sjálfsmat eða undirbúningur sjálfsmats er hafinn. Úttektaraðilar skila í öllum tilfellum stuttri greinargerð með spurningalistunum.

Skólar í úttekt haustið 2001

Úttektir voru gerðar á sjálfsmatsaðferðum eftirtalinna skóla haustið 2001:

Höfuðborgarsvæðið:

1. Austurbæjarskóli, Reykjavík
2. Ártúnsskóli, Reykjavík
3. Engidalsskóli, Hafnarfirði
4. Fellaskóli, Reykjavík
5. Flataskóli, Garðabæ
6. Grandaskóli, Reykjavík
7. Hagaskóli, Reykjavík
8. Hlíðaskóli, Reykjavík
9. Klébergsskóli, Reykjavík
10. Lækjarskóli, Hafnarfirði
11. Ölduselsskóli, Reykjavík
12. Réttarholtsskóli, Reykjavík
13. Setbergsskóli, Hafnarfirði
14. Smáraskóli, Kópavogi
15. Snælandsskóli, Kópavogi
16. Suðurhlíðarskóli, Reykjavík
17. Valhúsaskóli, Seltjarnarnesi
18. Vesturbæjarskóli, Reykjavík

Norðurland eystra – Eyjafjörður:

1. Brekkuskóli, Akureyri
2. Dalvíkurskóli, Dalvík
3. Giljaskóli, Akureyri
4. Grenivíkurskóli, Grenivík
5. Grunnskólinn í Hrísey, Hrísey
6. Hrafnagilsskóli, Eyjafjarðarsveit
7. Húsabakkaskóli, Dalvík
8. Oddeyrarskóli, Akureyri
9. Valsárskóli, Svalbarðsstrandahreppur

Úttektaraðilar

Í lok apríl 2001 auglýsti menntamálaráðuneytið eftir aðilum til að taka að sér verkefni á sviði úttekta á sjálfsmatsaðferðum 27 grunnskóla haustið 2001. Úttektir á sjálfsmatsaðferðum í hverjum skóla voru í höndum tveggja til þriggja einstaklinga sem saman hafa menntun og reynslu á sviði sjálfsmats, skólastarfs á grunnskólastigi og gæðastjórnunar. Hvert úttektarteymi gerði að lágmarki úttekt í þremur skólum. Eftirtaldir aðilar önnuðust úttektirnar:

Anna Lilja Sigurðardóttir

Auður Kristinsdóttir

Erna M. Sveinbjarnardóttir

Helga M. Steinsson

Inga Bára Þórðardóttir

Jóhanna G. Kristjánsdóttir

Kristín Jónsdóttir

Lovísa Kristjánsdóttir

Ólafur H. Jóhannsson

Sigurjón Mýrdal

Steinunn Helga Lárusdóttir

Sylvía Guðmundsdóttir

Trausti Þorsteinsson

Védís Grönvold

Vignir Einarsson